

Ed.

**832. Lög**

um hvalveiðamenn.

(Samþykkt í Ed. 10. september).

1. gr.

Enginn hvalveiðamaður má hafa bækistöðvar hjer á landi fyrir útveg sinn.

2. gr.

Enginn má flytja á land hval nje neinar óunnar afurðir hvala, nema þeirra, er dauðir finnast, hlaupið hafa á grunn eða kvíast í ísum. Heimilt skal þó að drepa andarnefjur, hnísur, höfrunga og önnur smáhveli, þau er almenn-  
ingur hefir hingað til veitt og hagnýtt sjer.

3. gr.

Enginn maður má leigja, selja nje ljá nokkrum manni land til hagnýtingar við nokkra þá athöfn, er bönnuð er í lögum þessum.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 1000—4000 kr., er reina í lands-  
sjóð. Svo skulu og öll veiðarfæri og afli upptæk og andvirði þeirra renna í  
landssjóð.

5. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, skal fara með sem opinber  
lögglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1915 og gilda til 1. janúar 1925.